

Þingflokksfundur Pírata

Mánudaginn 11.12.2017, kl. 13:00-15:00

Nr. 18/148

Fundarstjóri	Eiríkur Rafn Rafnsson (ERR)
Fundarritari	Baldur Karl Magnússon (BKM)
Fundinn sátu	Björn Leví Gunnarsson (BLG) Halldóra Mogensen (HM - fjarfundi) Helgi Hrafn Gunnarsson (HHG) Jón Þór Ólafsson (JPÓ) Smári McCarthy (SMC) Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (ÞSÆ)
Áheyrnarfulltrúar	Oktavía Hrund Jónsdóttir (OHJ) (vék af fundi kl. 14:05) Kristján Gunnarsson (KG) (vék af fundi kl. 14:50)

Fundargerð

1. Fundargerðir til samþykktar

Eftirfarandi fundargerðir voru samþykktar.

- Nr. 1/147, 13.09.2017
- Nr. 2/147, 15.09.2017
- Nr. 3/147, 17.09.2017
- Nr. 4/147, 18.09.2017
- Nr. 5/147, 19.09.2017
- Nr. 6/147, 22.09.2017
- Nr. 7/147, 25.09.2017
- Nr. 8/147, 26.09.2017
- Nr. 9/147, 04.10.2017
- Nr. 10/147, 05.10.2017

2. Brif þingflokksformanns, varaþingflokksformanns og þingflokksritara

Farið yfir dagskrá þingsins fram að áramótum og þau mál sem verða á dagskrá. Ljóst að þingfundir verða milli jóla og nýárs.

Bókun JPÓ: Að aðstoðamaður þingflokks setji upplýsingar af þingflokksformannafundi varðandi mögulega dagskrá þingsins í dagatal þingflokks og haldi því uppfærðu.

Fjallað var einnig um niðurröðun í nefndir. Rætt um þingmannamál sem lögð verða fram.

3. Önnur mál

- *Námskeið um forvarnir hjá Blátt áfram*

Ákveðið að leitast eftir því að sækja námskeið 9. janúar.

- *Fulltrúar kjördæma sem eru ekki með þingmenn*

Tillaga BLG: Að öll kjördæmi hafi tengilið við þingflokk Pírata sem er tilbúinn að setja sig inn í sértæk mál kjördæmisins og mögulega sinna vinnu sem tengist kjördæminu. Viðkomandi þingmenn hefðu einhver hlutverk í kjördæmaviku.

HHG (HM til vara) verður tengiliður Norðvesturkjördæmis og BLG (PSÆ til vara) við Norðausturkjördæmi.

- *Tillaga að þingflokkssamþykkt um samstarf aðalmanna í fastanefndum við málefnanefndir Pírata*

Málið var kynnt á síðasta þingflokksfundi og rætt á óformlegum fundi þingflokks um morguninn. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

- *Þingkarlar til ábyrgðar*

Rætt um stofnun hópsins inn raða karlkyns þingmanna og drög að erindi til forsætisnefndar kynnt.

- *Óskir um áheyrn að þingflokksfundum Pírata*

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að verða við ósk Oktavíu Hrundar Jónsdóttur og Söru Oskarsson, varapingmanna, um áheyrn að þingflokksfundum.

- *Trúnaðarmál*

Dagskrárliðurinn er bundinn trúnaði samkvæmt 4. gr. þingflokksamþykktar um upplýsingaskyldu þingflokks Pírata.

- *Nefndarsetur*

Rætt um mönnun í fastanefndir sem áður hefur verið til umfjöllunar. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að HM verði formaður velferðarnefndar.

- *Bergþórsfrumvörp*

HM kynnti frumvörp í vinnslu.

- *Stefnuræður*

Rætt um röðun ræðumanna.